



SAMBAND SVEITARFÉLAGA Á SUÐURNESJUM

Ályktun um heilbrigðisþjónustu á Suðurnesjum

Ályktun lögð fram á 47. aðalfundi Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, haldinn 14. október 2023 skorar á ríkisvaldið að viðhalda og efla kröftuga uppbyggingu heilbrigðisþjónustu á Suðurnesjum.

Fundurinn fagnar þeirri uppbyggingu sem hefur átt sér stað á Suðurnesjum á umliðnum mánuðum.

Fylgja þarf eftir verkefnum sem hafa verið í undirbúningi og umræðu.

- Í Suðurnesjabæ hefur lengi verið kallað eftir því að sett verði á laggirnar heilsugæslusel. Bæjaryfirvöld í Suðurnesjabæ hafa átt formlegar viðræður við heilbrigðisráðuneytið og forsvarsmenn HSS um að Heilsugæslusel verði sett á laggirnar í Suðurnesjabæ. Aðalfundurinn tekur undir ákall Suðurnesjabæjar um opnun Heilsugæslusels.
- Aðalfundurinn leggur áherslu á að framkvæmdir vegna opunar nýs heilsugæslusels í Vogum og uppbyggingu nýrrar heilsugæslu í Njarðvík gangi samkvæmt áætlun.

Mikilvægt er að viðhalda þeirri jákvæðu þróun sem hefur átt sér stað undanfarið og tryggja áframhaldandi uppbyggingu á heilbrigðisþjónustu á Suðurnesjum.